

Starfs- og skipulagsreglur fyrir

Viðreisn í Mosfellsbæ

FÉLAGIÐ

1. grein

Félagið er svæðisbundið félag og heitir **Viðreisn í Mosfellsbæ**. Aðsetur þess og varnarþing er að Suðurlandsbraut 22, 108 Reykjavík.

2. grein

Tilgangur félagsins er að halda uppi félagsstarfi stjórnáttakanna Viðreisnar í sveitarfélaginu Mosfellsbæ í samræmi við stefnu flokksins. Félagið annast framboð Viðreisnar í sveitarstjórnarkosningum í Mosfellsbæ.

Félagið starfar innan landshlutaráðs Viðreisnar í Suðvestur kjördæmi, m.a. að kosningum til Alþingis.

3. grein

Félagar í Viðreisn í Mosfellsbæ geta allir orðið sem styðja grunnstefnu Viðreisnar og eru skráðir í Viðreisn, stjórnáttak.

Félagar í Viðreisn eru skráðir í það svæðisbundna aðildarfélag sem lögheimili þeirra segir til um.

Félagar sem eiga heimilisfesti utan lögheimilis tilkynna skrifstofu Viðreisnar hvaða aðildarfélagi þeir tilheyra. Inntökubeiðnir og úrsagnir skulu gerðar með rafrænum hætti á heimasíðu Viðreisnar.

Einungis er hægt að vera meðlimur í einu svæðisbundnu aðildarfélagi Viðreisnar. Fullgildir félagar þurfa að hafa náð 16 ára aldri. Aðeins fullgildir félagar hafa atkvæðisrétt um málefni félagsins.

AÐALFUNDUR

4. grein

Aðalfundur félagsins skal halda árlega og eigi síðar en fyrir lok marsmánaðar.

Aðalfundur er opinn öllum skráðum félögum og skal hann boðaður með netpósti til skráðra félaga með minnst tveggja vikna fyrirvara (14 daga). Í fundarboði skal dagskrá fundarins koma fram. Stjórn félagsins boðar til aðalfundar, ákveður fundarstað og -tíma.

Framboð til stjórnar skal berast til félagsins a.m.k. 7 dögum fyrir aðalfund. Í fundarboði skal koma fram hvert framboð skulu berast. Stjórn setur sér nánari reglur um fyrirkomulag kosningar. Hafi nægjanlegur fjöldi framboða ekki borist þegar tímafrestur rennur út er heimilt að taka við framboðum á aðalfundi.

Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar lögð fram
3. Reikningar, staðfestir af skoðunarmönnum, lagðir fram til samþykktar
4. Breytingar á nánari starfsreglum félagsins (ef þarf)
5. Kosning formanns
6. Kosning stjórnar
7. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
8. Ákvörðun félagsgjalda
9. Önnur mál

Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á aðalfundi, nema við breytingar á nánari starfsreglum, þá þarf $\frac{2}{3}$ hluta atkvæða.

Hafi ekki verið boðað til aðalfundar í tvö ár, er stjórn Viðreisnar heimilt að taka ákvörðun um að boða til aðalfundar.

STJÓRN FÉLAGSINS OG VERKEFNI HENNAR

5. grein

Stjórn félagsins skal skipuð minnst þremur og mest sjö félagsmönnum, formanni og minnst tveimur en mest sex meðstjórnendum sem kjörnir eru á aðalfundi til eins árs í senn. Einnig er heimilt að kjósa allt að fjóra varamenn. Formaður skal kosinn sérstaklega. Stjórn skiptir með sér verkum að öðru leyti. Tryggja skal sem jöfnust hlutföll kynjanna í skipan stjórnar. Þá skulu kosnir tveir skoðunarmenn reikninga. Stjórn annast framkvæmdastjórn félagsins og skipuleggur félagsstarfið. Firmaritun er í höndum meirihluta stjórnar.

Starf félagsins er háð skipulagsreglum Viðreisnar og sér stjórnin um að starfsemi félagsins sé í samræmi við þær, en verði misræmi ráða skipulagsreglur Viðreisnar.

Stjórn getur lagt fyrir aðalfund nánari útfærslu á starfsreglum þessum sem samþykkja þarf af $\frac{2}{3}$ hluta fundarmanna. Senda skal stjórn Viðreisnar afrit af slíkum samþykktum og breytingum á þeim, ásamt ársreikningi eftir hvern aðalfund.

FJÁRMÖGNUN

6. grein

Ákvörðun um félagsgjald skal tekin á aðalfundi. Félagsgjöld skulu innheimt árlega. Fjármunum félagsins skal varið í að stuðla að framgangi stefnu Viðreisnar.

KOSNINGAR

7. grein

Félagið annast framboð Viðreisnar í Mosfellsbæ í sveitarstjórnarkosningum. Við röðun á lista, uppstillingu eða prófkjör skal fylgja leiðbeiningum stjórnar Viðreisnar.

Aðferð við val á lista

Ákvörðun um hvaða aðferð er beitt við val á lista er í höndum félagsfundar, sem skal boða með góðri almennri auglýsingu með a.m.k. 5 daga fyrirvara. Í auglýsingunni komi skýrt fram hvert tilefni fundarins er. Til að ákvörðun sé lögmæt þarf einfaldan meirihluta atkvæða viðstaddra fundarmanna. Verði atkvæði jöfn skal kosið á nýjan leik. Verði atkvæði jöfn að nýju skal varpa hlutkesti.

Á félagsfundi skal kjósa uppstillinganefnd. Sé niðurstaða félagsfundar að halda prófkjör, skal kjörnefnd einnig kjörin á félagsfundi.

Staðfesting lista

Uppstillingarnefnd skal bera tillögu sína að framboðslista undir félagsfund til samþykktar eða synjunar. Til fundarins skal boðað á þann hátt að allir félagsmenn fái örugglega vitneskju um fundinn og dagskrá hans með minnst fimm daga fyrirvara.

Skylt er að hafa leynilega atkvæðagreiðslu, ef þess er óskað.

Til þess að listi sé lögmætur, þarf meirihluti atkvæðisbærra fundarmanna að samþykkja hann. Sé tillögu uppstillingarnefndar synjað ber að endurtaka uppstillingu og/eða prófkjör.

Staðfesting stjórnar Viðreisnar á framboðslista flokksins í heild þarf að liggja fyrir áður en hann er borinn fram í nafni flokksins.

7. grein

Í aðdraganda sveitarstjórnarkosninga skal stjórn félagsins skipa kosningastjórn. Kosningastjórn er heimilt að skipa þrjá menn í framkvæmdastjórn.

8. grein

Stjórn félagsins skipar fjármálaráð fyrir hverjar sveitarstjórnarkosningar, sem starfar samkvæmt reglum sem stjórn Viðreisnar setur.

Meðferð fjármuna og reikningskil skulu vera í samræmi við lög um starfsemi stjórnmalasamtaka sem, leiðbeiningar Ríkisendurskoðanda um fjárreiður stjórnmalasamtaka og landslög. Fjármálaráð ber að skila reikningum til skrifstofu Viðreisnar og skulu þeir taka mið af því að ársreikningur flokksins er samstæðureikningur.

10. grein

Ákvörðun um slit félagsins skal taka á tveimur aðalfundum í röð með $\frac{2}{3}$ hluta atkvæða og tekur stjórn Viðreisnar ákvörðun um ráðstöfun eigna þess. Óheimilt er að láta eignir renna til félagsmanna sjálfra.

11. grein

Skipulags- og starfsreglur þessar eru samþykktar á stjórnarfundum Viðreisnar, í samræmi við grein 3.9 í samþykktum Viðreisnar, þann 20. febrúar 2024 og staðfestar á aðalfundi Viðreisnar í Mosfellsbæ þann 4. Apríl 2024.